

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

## 1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977 sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg seldar í luktum umbúðum (þar á meðal niðurlagt lagmeti) eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað ....“ „Síðasti söludagur ....“.

Sé um að ræða niðursoðið lagmeti skal á pökkunarstað skrá framleiðsluár vörunnar á umbúðir.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eitur-efni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt öðlast ekki gildi reglugerð nr. 446/1979 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1979.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir Sjúkrahús Suðurlands og heilsugæslustöð Selfoss.

## 1. gr.

Sjúkrahúsið er almennt sjúkrahús og í starfstengslum við það heilsugæslustöð Selfoss.

## 2. gr.

Heilsugæslustöðin er H2 stöð.

Starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar er Villingaholtshreppur, Hraungerðis-hreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoskaupstaður, Grafnings-hreppur, Eyrarbakkahreppur og Stökkseyrarhreppur.

## 3. gr.

Sjúkrahús Suðurlands og Heilsugæslustöð Selfoss verða rekin sem ein stofnun, hér eftir í reglugerð þessari nefnd stofnunin. Eigendur stofnunarinnar eru: Ríkis-sjóður, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, V-Skaftafellssýsla, Selfoskaupsstaður og Selfoss-heilsugæslustarfssvæði í réttu hlutfalli við framlög.

Þær eignir, sem stofnuninni kunna að áskotnast, verða á sama hátt sameiginlegar.

## 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Sýslunefndir Árnassýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu kjósa hver fyrir sig einn mann í stjórnina, en á hverjum fundi fara aðeins tveir þeirra með atkvæðisrétt eftir samningi þeirra innbyrðis. Selfoskaupsstaður kys einn mann. Starfsmannaráð stofnunarinnar kys tvo menn og skal annar þeirra vera starfsmaður sjúkrahússins en hinn starfsmaður heilsugæslustöðvarinnar.

## 5. gr.

Yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar eiga rétt til setu á stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Skal boða þá á fundi eins og stjórnarmenn.

Sama rétt eiga og aðrir starfsmenn stofnunarinnar, er sinna sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

## 6. gr.

Stofnunin hefur sameiginlega framkvæmdastjórn og rekstrarreikning þar sem reglugerð þessi kveður ekki öðruvísi á um. Skipta skal rekstrarkostnaði á milli sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar skv. rekstrarreikningi og hlutfallslegri notkun eftir nánara samkomulagi rekstraraðila um hlutfall við gerð rekstraráætlunar.

## 7. gr.

Starfsemi stofnunarinnar skiptist á eftirfarandi hátt:

1. Framkvæmdastjórn, 2. Sjúkrahús með stoðdeildum: Röntgen- og rannsóknarþjónustu, endurhæfingu, eldhúsi og þvottahúsi. 3. Heilsugæslustöð.

## 8. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og er hann ábyrgur gagnvart henni. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur skrifstofu og annast fjármál stofnunarinnar. Ennfremur sér hann um aðra þætti daglegs reksturs, sem ekki falla undir stjórn yfirlækna eða hjúkrunarforstjóra.

## 9. gr.

Framkvæmdastjóri skal gera rekstraráætlun í samráði við yfirlækna og hjúkrunarforstjóra og leggja fyrir stjórnarfund í lok nóvembermánaðar ár hvert.

## 10. gr.

Stjórnin ræður yfirlækni sjúkrahúss að fengnu álit stöðunefndar skv. 31. gr. laga nr. 57/1978 og aðra lækna skv. stöðuheimildum.

## 11. gr.

Læknar heilsugæslustöðvar kjósa sér yfirlækni sbr. 21. gr. 3. tl. laga nr. 57/1978.

## 12. gr.

Yfirlæknir sjúkrahússins kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar sem læknisfræðilegur forsvarsmaður hennar, en samráð skal hann hafa við aðra stjórnendur eftir því sem við á.

## 13. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður hjúkrunarforstjóra að sjúkrahúsinu sbr. 29. gr. laga nr. 57/1978. Hann skipuleggur hjúkrun á sjúkrahúsinu og ber ábyrgð á henni. Hann hefur og umsjón með þvottahúsi og ræstingu.

## 14. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið sjúkrahússins en um getur í 8., 10. og 13. gr. í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

## 15. gr.

Við heilsugæslustöðina skal starfa hjúkrunarforstjóri sbr. 17. gr. 3. tl. laga nr. 57/1978.

## 16. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið heilsugæslustöðvarinnar en lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og tannlækna og skal um slíkt hafa samráð við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra.

## 17. gr.

Yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar eru ráðgefandi varðandi uppbyggingu og viðhald og kaup á tækjum eða búnaði.

## 18. gr.

Ráða má sérlærða lækna, sem annast lækningar á sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð, til að veita forstöðu stoðdeild í hlutastarf.

## 19. gr.

Ráða má heilsugæslulækna í hlutastarf við sjúkrahús enda gegni þeir þá vaktþjónustu við það.

## 20. gr.

Samræma skal eftir því sem við verður komið alla vaktþjónustu fyrir stofnunina. Yfirlæknar stofnunarinnar skulu skipuleggja vaktir svo og bakvaktir.

## 21. gr.

Um starfsemi stofnunarinnar fer að öðru leyti í samræmi við lög og reglugerðir eða fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda.

## 22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu öðlast gildi 1. janúar 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til starfsmannaráð hefur kosið fulltrúa sína, fara fulltrúar eignaraðila einir með stjórnarstörf.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 11. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*